


# HEIÐAGÆS



Heiðagæs er einn af einkennisfuglum miðhálandisins. Hún er grasæta eins og aðrar gæsir, sækir í ræktarland á vorin og býtur mikið mýrargróður. Seint á sumrin fer hún í berjamó og étur ber. Karlfugl gæsa er kallaður gassi og hann er aðeins minni en kvenfuglinn sem er kölluð gæs.

Heiðagæsin verpur í votlendi á hálendinu, t.d. meðfram ám og lækjum. Hreiðrið klæðir hún að innan með stráum og dúni og notar sama hreiðurstaðinn ár eftir ár. Þjósárver voru áður stærsta heiðagæsavarp í heimi en Guðlaugstungur norðan Hofsjökuls hafa nú tekið við þeim titli. Þar verpa yfir 20 þúsund pör. Heiðagæsin fer til Skotlands og Norður-Englands á haustin.

Heiðagæsin er félagslyndur fugl allt árið, hún ferðast milli landa í stórum hópum og heldur til í flokkum á hálendinu á haustin.

Heiðagæs er ein af ábyrgðartegundunum okkar á Íslandi. Meginhluti af Evrópustofni heiðagæsa nýtir Ísland til varps eða kemur við hér á ferðum sínum.